



UMHVERFISSTOFNUN

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
 Skaftár- og Mýrdalshreppur  
 Klausturvegi 10  
 880 Kirkjubæjarklaustur

Reykjavík 1. febrúar 2017  
 UST201612-153/K.S.J.  
 10.04.03

### **Efni: Mýrdalshreppur. Tillaga að deiliskipulagi í landi Skeiðflatar, Mýrdalshreppi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Skaftár- og Mýrdalshreppi er barst 19. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi þjónustu- og gistirýma í landi Skeiðflatar í Mýrdalshreppi.

#### **Skipulagssvæðið**

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að skipulagssvæðið nær til 102 ha úr landi Skeiðflatar, þar af eru 27 ha tún. Landnotkun svæðisins breytist úr landbúnaðarsvæði í landbúnaðarsvæði og svæði fyrir verslun og þjónustu.

#### **Framkvæmdir**


Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið felur í sér áætlun um nýbyggingar með gistirýmum og að núverandi mannvirkjum verði breytt í þjónustu- og gistirými og einnig sé áætlað að byggja starfsmannahúsnaði.


Í ofangreindri tillögu kemur fram að áætlað er að halda í upprunalegt form og staðaranda bæjarstæðisins.

Svæðið sem framkvæmdir þ.e. byggingar og bílastæði eru áætlaðar á, er nú þegar raskað af framkvæmdum þ.e. núverandi bæjarstæði. Á svæðinu eru ekki svæði á náttúrumínjaskrá og á svæðinu eru ekki vistkerfi og jarðmyndanir er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst

  
 Kristin S. Jónsdóttir  
 Sérfræðingur

  
 Björn Stefánsson  
 Sérfræðingur